

# Djáknar á Íslandi í 25 ár

## Inngangur


Þessi greinargerð og rannsókn á stöðu djákna í íslensku Þjóðkirkjunni á árinum 1995-2019 var unnin af Halldóri Elíasi Guðmundssyni Biskupsstofu í samstarfi við Ragneiði Sverrisdóttur fyrir Kærleikspjónustusviðs. Markmiðið var að teikna upp þróun á stöðu djákna og velta upp spurningum um framtíðarhlutverk djákna í íslensku þjóðkirkjunni.

## Yfirlit

Frá því að fyrsti djákninn í íslensku þjóðkirkjunni var vígður á síðari tímum og fram í september 2019 hafa 62 vígðir djáknar starfað á vettvangi kirkjunnar á Íslandi. Af þeim voru þrjú vígðir á Íslandi fyrir árið 1995 og tveir djáknar vígðir erlendis, sem síðar komu til þjónustu í íslensku þjóðkirkjunni. Alls hafa 57 manneskjur tekið djáknavígslu á Íslandi frá árinu 1995, flestar í Dómkirkjunni en nokkrar djáknavígslur hafa auk þess farið fram í Skálholtsdómkirkju.

## Upplýsingar um nám

Þegar horft er til þeirra 57 sem hafa fengið djáknavígslu frá 1995, þá luku tvær námi erlendis en 55 luku námi við Háskóla Íslands. Á ofangreindu tímabili lauk 121 djáknanámi frá Háskóla Íslands og af þeim luku 110 starfsþjálfun í þjóðkirkjunni.



Ef litið er til 25 ára tímabils frá 1995-2019 hafa 50% þeirra sem lokið hafa starfsþjálfun hjá Þjóðkirkjunni hlotið víslu. Hæst varð hlutfallið á árunum 2010-2014, en þá var hlutfall víslna tæplega 71% af útskrifuðum nemum úr starfsþjálfun, en lægst er hlutfallið 2015-2019 þegar hlutfall vígðra var 35% af þeim sem luku starfsþjálfun.


Athygli vekur að djárnakandidatar sem hafa fengið víslu, hafa allflestir fengið víslna innan tveggja ára frá lokum starfsþjálfunar eða 37 af 57. Ellefu til viðbótar fengu víslna innan fjögurra ára og sex fengu víslna eftir 4 til 7 ár. Tveir djárnar fengu víslna eftir lengri bið, annar fékk víslna 7½ ári eftir starfsþjálfun og hinn 14½ ári eftir starfsþjálfun.

Þá er eftirtektarvert að af 46 einstaklingum sem lokið hafa BA gráðu – djárnanámi, þá hafa 28 verið vígðir, eða tæplega 61%, meðan að einungis 36% þeirra sem lokið hafa diplómanámi hafa tekið víslna (27 af 75). Þegar skoðuð er samsetning þeirra sem lokið hafa diplómanámi og fengið víslna má sjá að þrettán höfðu lokið kennaranámi, tvær voru leikskólakennarar og átta höfðu lokið hjúkrunarfræði. Þá voru fjórar sem lokið höfðu annars konar háskólanámi.

Rétt er að nefna að af sjö körlum sem lokið hafa starfsþjálfun á Íslandi frá 1995, hafa fimm fengið djárnnavíslna eða 71%, en 52 af 103 konum eða rétt ríflega 50%.

## Hverjir eru djárnar?

Hlutfall kvenna er 85% af djárnahópnum í síðari tíð, eða 53 af 62. Þegar horft er til kynjahlutfalls þeirra sem lokið hafa starfsþjálfun á Íslandi þá eru konur 94% þeirra sem lokið hafa starfsþjálfun, eða 103 af 110. Meðalaldur djárnna við víslna er 44 ár og 7 mánuðir. Meðalaldur karla við víslna í síðari tíð er 36 ár og 3 mánuðir en meðalaldur kvenna er 46 ár. Sex djárnar hafa fengið víslna fyrir þrítugt en fjórir hafa fengið víslna eftir sextugt.




Þegar litið er til núverandi djárnna má jafnframt sjá að einungis fjórir eru í dag undir fertugu. Átján djárnar eru yfir sextugu, ellefu eru yfir sjötugt og þrjú eru látin.

## Störf djárnna

Þrátt fyrir að 62 einstaklingar hafi hlotið djárnvígslu á Íslandi í seinni tíð og 58 þeirra fengið vígslu á síðustu 25 árum, hafa aldrei verið fleiri en tuttugu og átta einstaklingar í djárnatengdum störfum í kirkjunni, stofnunum og félagasamtökum á sama ári, en það gerðist 2007 og 2008. Frá árinu 1995 og til ársins 2007 mátti sjá stíganda í fjölda djárnatengdra starfa. Frá 2008 má hins vegar sjá nokkurn samdrátt sem náð lágmarki 2013 annars vegar og 2018 hins vegar. Þau ár voru einungis 19 djárnar voru að störfum, en djárnar höfðu ekki verið svo fáir frá árinu 2001. Það fjölga síðan aftur á árinu 2019, en djárnar í störfum í kirkjunni, stofnunum og félagasamtökum það ár eru 22.

Hér er mikilvægt að taka fram að upplýsingar um fjölda djárnna í störfum hjá kirkjunni eru nokkuð á reiki. Ekki virðist vera til samræmdur skilningur á hvað felst í því að vera djárn í starfi. Sú leið er farin í þessari umfjöllun að miða við þá djárnna sem sannarlega sinna trúarlegri kærleikþjónustu á kirkjutengdum vettvangi, kristilegum félagasamtökum og stofnunum sem hafa óskað eftir djárnþjónustu.



Vígðum djáknum á vinnumarkaði fjölgar mjög hratt frá 1995 og fram til 2011, þegar djáknar eru alls 44.<sup>1</sup> Frá 2011 hafa djáknar á vinnumarkaði verið á milli 43 og 48.


Þegar teiknað er upp hversu langan starfsaldur djáknar hafa í þjónustu kirkjunnar, stofnanna og/eða félagasamtaka má gefa sér að þau sem hafa lengstan vígslualdur hafi að öðru jöfnu lengstan starfsaldur. Þannig ætti slíkt graf að vera tiltölulega einfalt, þar sem að súlan lengst til vinstri er hæst, en síðan lækki súlurnar jafnt og þétt eftir því sem að við færumst nær árinu 2019. Þegar meðalstarfsaldur miðað við vígsluár er hins vegar skoðað, kemur í ljós að grafið er ekki eins og reikna mátti með. Þannig má sjá að djáknar sem fengu vígslu á árunum 2003-2010 hafa átt mun skemmri starfsaldur sem djáknar en þau sem voru vígð á árunum á undan og eftir. Það kallar á gagnrýna umfjöllun um hvað það sé sem veldur þessu fráviki í starfsaldri. Þó efnahagshrunið komið svo sem upp í hugann, má velta fyrir sér hvort það sé einhlýtt skýring eða hvort að aðrar ástæður liggja einnig að baki.

<sup>1</sup> Djáknar eldri en 70 ára teljast ekki virkir á vinnumarkaði. Eins eru djáknar sem síðar hafa tekið djáknavígslu, ekki hafðir með í þessum tölum.



Eins og áður hefur komið fram hafa djáknar mismunandi bakgrunn þegar farið er í nám. Auk þess sem að í boði eru tvær ólíkar námsleiðir. Það vekur athygli að þegar skoðað er fjöldi ára í starfi með hliðsjón af námsleið og fyrri menntun þá kemur í ljós að hjúkrunarfræðingar með viðbótarnám starfa sem djáknar að jafnaði í 13 ár, meðan að djáknar með BA próf starfa sem djáknar rétt um 6,5 ár.

Nánari greiningu á þessu má sjá á grafinu hér fyrir neðan.



## Hverjir ráða djákna?

Tæplega 60 aðilar hafa fengið djákna til starfa frá 1995. Af þeim eru 29 söfnuðir og 5 kirkjustofnanir eða prófastsdæmi, 16 sjúkrahússtofnanir eða hjúkrunarheimili, 4 skólar og loks 5

félagasamtök. Í nokkrum tilfellum er um samstarfsverkefni að ræða milli tveggja eða fleiri vinnuveitenda.

Af þessum 29 söfnuðum eru 16 í Reykjavíkurrófastsdæmunum og 6 í Kjalarnesrófastsdæmum. Þá hafa þrjú söfnuðir í Suðurrófastsdæmi haft djákna í starfi, tveir söfnuðir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarrófastsdæmi og auk þess starfaði djákni um tíma í sameiginlegu verkefni tveggja prestakalla í Vesturlandsrófastsdæmi. Einn djákni var vígður til safnaðar utan þjóðkirkjunnar.

Þegar vinnustaðirnir eru skoðaðir nánar kemur í ljós að 37 af þessum vinnustöðum hafa haft djákna skemur í vinnu en 10 ár. Jafnframt eru 37 vinnustaðir sem hafa einvörðungu haft einn djákna í vinnu frá 1995, þó ekki séu það sömu vinnustaðir.

Við getum séð að 22 vinnuveitendur haft djákna í starfi í 10 ár eða lengur. Fjórtán þeirra hafa haft fleiri en einn djákna í starfi á þessum árum. Þar af eru tíu söfnuðir, einn skóli, ein félagasamtök, Hjúkrunarheimilið Sóltún og Biskupsstofa. Færa má rök fyrir því að hjá þessum fjórtán vinnuveitendum sé til staðar skilningur á djáknaþjónustu sem leiðir til langtímaráðningarsambands við fleiri en einn djákna. Enda er það svo að af þessum 14 vinnuveitendum eru einungis þrjú sem ekki hafa starfandi djákna í dag. Það eru ÖBÍ, sem var í samstarfi við Laugarneskirkju (ein staða, tveir vinnuveitendur), en þar er nú safnaðarráðinn prestur og við Selfosskirkju, en þar hefur jafnframt komið inn viðbótaraða prests síðan að söfnuðurinn hafði djákna.

Þannig má færa rök fyrir því að nú séu til staðar séu í einhverjum skilningi 11 vinnuveitendur með sterka djáknaáherslu þegar kemur að ráðningum. Rétt er þó að taka fram að ein þeirra er sameiginleg staða Lágafellssóknar og Lágafellsskóla.

## Ráðningar djákna

Eins og áður hefur komið fram þá hefur tæplega 61% þeirra djáknaandídata sem lokið hafa BA gráðu fengið vígslu en einungis 36% þeirra sem lokið hafa viðbótarnámi.

Þegar hópurinn er greindur frekar má sjá að einungis átta einstaklingar sem bætt hafa við sig viðbótarnámi eftir hjúkrunarnám hafa fengið vígslu. Af þeim voru fjórar vígðar fyrir aldamót og einn hjúkrunarfræðingur hefur fengið vígslu síðan 2008. Þá er mikilvægt að taka fram að í sjö tilvikum þar sem hjúkrunarfræðingur fékk vígslu var til staðar ráðningarsamband við

vinnuveitanda fyrir vígslu og/eða viðkomandi djárnri tók virkan þátt í að útbúa viðkomandi djárnastöðu.

Þegar horft er til djárnna sem hafa viðbótarnám sem kennarar er mjög svipaða sögu að segja. Af þrettán kennurum með viðbótarnám var til ráðningarsamband til staðar í a.m.k. níu tilvikum áður en viðkomandi djárnri fékk vígslu.

Í starfsreglum Þjóðkirkjunnar um djárnna nr. 738/1998 og með síðari breytingum kemur fram að

Biskup Íslands auglýsi[r] laus störf djárnna í samráði við vinnuveitanda. Biskup kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknarnefndar, stofnunar eða líknarfélags), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur verið stuðst við þessar starfsreglur í miklum minnihluta þeirra tilvika sem djárnar með viðbótarmenntun hafa komið til starfa.

Þegar horft er til djárnna sem ekki voru kennarar eða hjúkrunarfræðingar er staðan örlítið önnur, en þó ekki mjög. Glerárkirkja, Áskirkja, Bessastaðasókn, Fella- og Hólakirkja og Hjúkrunarheimilið Sóltúni eru einu vinnuveitendurnir sem hafa oftast en einu sinni fengið Biskup Íslands til að auglýsa djárnnaembætti. Auk þess hafa í einhverjum tilvikum söfnuðir fengið Biskup til að auglýsa embætti sem þegar hefur verið gengið frá ráðningu í, með það að markmiði að uppfylla skilyrði starfsreglanna.

Þá er algengt að félagasamtök og söfnuðir auglýsi eftir starfsfólki til að sinna einstökum starfsþáttum í starfi sínu og í þeim tilvikum sem djárnri fær starfið, þá hafa vinnuveitendur að öðru jöfnu talað um djárnna að störfum, þrátt fyrir að Biskup Íslands hafi ekki auglýst og sent umsögn til vinnuveitanda líkt og gert er ráð fyrir í starfsreglum.

Hér er reyndar vert að nefna að á árunum 2013 og 2014 voru alls sex djárnnaembætti auglýst af Biskupi en svo mörg djárnnaembætti hafa ekki verið auglýst á tveggja ára tímabili hvorki fyrir, né síðar.

Fljótt á litið virðist því að það gerist sjaldnar en hitt að stuðst sé við starfsreglur um djárnna þegar kemur að ráðningum djárnna eða djárnakandidata.

## Staða djákna

Í dag, á haustdögum 2019, eru 21 djákni í starfi. Djárnar starfa í þrettán söfnuðum, fjórir hjá sjúkra- og hjúkrunarstofnunum, tveir hjá félagasamtökum, tveir á Biskupsstofu, einn hjá prófastsdæmi og einn í skóla.

Það merkir að sextán söfnuðir og ellefu sjúkra- og hjúkrunarstofnanir, þrjú félagasamtök, þrjár skólar og tvær kirkjustofnanir sem hafa haft djákna í starfi, hafa það ekki lengur. Alls eru því 35 vinnuveitendur sem hafa haft djákna í störfum sem gera það ekki lengur. Það er áhyggjuefni.

## Fjölþætt köllun og hlutastörf

Frá því að djáknavigslur voru endurreistar á síðari tímum hafa djáknastöður sem útbúnar hafa verið, oftar en ekki verið í formi hlutastarfa. Mjög erfitt er að fá upplýsingar um starfshlutfall einstakra djákna yfir síðustu 25 ár, svo nákvæm tölfræði er því miður ekki til um starfshlutföll. Til að gera samantektina enn erfiðari eru nokkur dæmi um að djárnar séu ráðnir í 100% starf í söfnuðum og á stofnunum þar sem hluti starfsins er skilgreindur sem djáknastarf og hluti starfsins skilgreindur á annan hátt, t.d. sem kirkjuvarsla, skrifstofuþjónusta, mannauðsstjóri eða hjúkrunarfræðingur. Á árinu 2019 voru um 40% starfandi djákna í fullu starfi sem djárnar, en aðrir ýmist í hlutastörfum eða í fullu starfi þar sem hluti starfs var skilgreint sem „ekki“ djáknastarf.

## Sjálfsmynd djákna

Engin heildarathugun hefur verið gerð á sjálfsmynd djákna og væntingum þeirra til starfsumhverfis og starfsskyldna. Þó virðist vera að hugmyndir djákna sjálfra um starfsvið, stöðu, hlutverk og áherslur séu fjölbreyttar. Það er mikilvægt að velja fyrir sér hvort að mismunandi hugmyndir um starfsvið, stöðu og hlutverk djákna hafi átt þátt í að skapa þær aðstæður sem nú ríkja þar sem 60% þeirra vinnuveitenda sem hafa haft djákna, gera það ekki lengur.

## Vígsluskilningur í Þjóðkirkjunni

Mikilvægt er að skoða embættis- og vígsluskilning í íslensku Þjóðkirkjunni til að skilja til fulls merkingu, stöðu og hlutverk djákna og framtíð þjónustunnar. Ýmsar vísbendingar eru um að



til staðar sé mjög einstaklingsmiðuð túlkun á vígslunni og hlutverki hennar. Þ.e. vígslan er skilin sem eign eða starfsréttindi vígsluþega, en ekki hlutverk eða þjónusta sem vígsluþegi þjóni í samspili kirkjunnar sem heildar, safnaðar eða sóknar. Sambærilegan vígsluskilning má sjá hjá prestum þjóðkirkjunnar. Þessi vandi verður enn ljósari því starfsreglum kirkjunnar er ekki alltaf fylgt. Hjá djáknum sem starfa á stofnunum eða í frjálsum félagasamtökum án vel skilgreindra tengsla við kirkjuna í heild eða einstaka söfnuði, þá styrkist þessi einstaklingsbundni vígsluskilningur og hætt við að djákni verði fyrst og fremst starfstíll eða sérfræðiheiti.

Þetta þarf að bæta með tengingum djákna á stofnunum og í félagasamtökum við kirkjuna með skýrum hætti, t.d. í gegnum sóknarkirkjur eða prófaste og/eða með skýrri upplýsingaskyldu djákna um störf sín gagnvart biskup. **Hér er brýnt að finna leiðir til að virkja tilsjónarhlutverk biskups og/eða prófaste með þjónustu vígðra djákna.**

## Nýsköpun í tómarúmi

Djárnar hafa spennandi starfsvettvang í söfnuðum, félagasamtökum og stofnunum, þar sem hlutverk þeirra er m.a. að skapa nýjar leiðir í trúarlegri þjónustu. Nýsköpun og framþróun kalla eftir grunni sem hægt er að byggja á. Þeir djárnar sem hafa komið til þjónustu eftir starfsferil sem hjúkrunarfræðingar eða kennarar, hafa margir getað nýtt fyrri reynslu til að byggja upp fjölbreytt og áhugavert starf á mótum fyrri starfsferils og guðfræði. Ef ekki er til staðar fagmenntun og fagleg reynsla; sterkar tengingar, fyrri reynsla og innri þekking á kirkjulegri þjónustu sem byggja má á; eða forveri úr hópi djákna sem hefur byggt upp grunn á viðkomandi starfsvettvangi, þá getur verið mjög erfitt fyrir nýútskrifaða djákna að ná viðspyrnu á nýjum starfsvettvangi. Nýsköpun á sér einfaldlega ekki stað í tómarúmi og þegar djárnar hafa ekki grunn til að byggja á, þá hefur verkefnið oft reynst þeim flókið og jafnvel illmögulegt.

## Hvað svo?

- Þegar unnið verður að mótun framtíðarsýnar í kirkjunni er gífurlega mikilvægt að kirkjan hafi á einum stað sem fyllstar upplýsingar um starfsemi sína. Gagnagrunnur með upplýsingum um störf og starfshlutföll, ekki aðeins djákna heldur alls starfsfólks er gífurlega mikilvægt gagn sem þyrfti að útbúa og viðhalda á biskupsstofu.

- Þegar við horfum til djákna sérstaklega, er brýnt að endurmóta tilsjónarhlutverk prófests sérstaklega með tilliti til djákna í fjölbreyttri sérþjónustu í félagasamtökum og hjá stofnunum.
- Í samspili við gagnagrunnskerfi sem heldur utan um upplýsingar um starfsfólk og þar með djákna í þjónustu kirkjunnar, þarf að útbúa ferla svo djárnar og starfsfólk geti á einfaldan hátt sinnt upplýsingagjöf til biskups og biskupsstofu.
- Starfsreglum kirkjunnar er ekki fylgt þegar kemur að auglýsingum á djáknastöðum. Meginástæða þess er að djáknastöður í kirkjunni eru mjög fáar og í flestum tilfellum er um nýsköpunarverkefni að ræða sem er leitt og þróað af viðkomandi djákna/djáknakandídat. Af þeim sökum er engum greiði gerður með kröfum um að störf séu auglýst. Enda eru flest djáknastörf búin til af viðkomandi einstakling.
- Djárnar og djáknakandídatar þurfa að hafa ferli sem þeir geta notast við þegar þeir hanna og móta nýtt starf, þar sem biskup metur hvort um sé að ræða djáknastarf. Slíkur ferill endurspeglar raunverulega mótun djáknþjónustunnar á Íslandi mun betur en núverandi starfsreglur.
- Í ljósi þess að djárnar munu flestir móta og þróa starf sitt sjálfir er mikilvægt, sér í lagi í grunnnáminu (BA) að lögð mun sterkari og meiri áhersla á nýsköpun og safnaðaruppbyggingu. Það hefur enda sýnt sig að BA nemar endast mun skemmur í starfi en þau sem hafa diplómanám.

Reykjavík, 19. nóvember 2019

Halldór Elías Guðmundsson

Djárnari